

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1985.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 35 27. janúar 1984.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. febrúar 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði
sveitarfélaga nr. 467 frá 7. ágúst 1981,
sbr. reglugerð nr. 138 frá 6. mars 1984.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við álagningu útsvara á árinu 1985 telst skilyrði 1. mgr., 3. gr. reglugerðar nr. 467 frá 7. ágúst 1981 fullnægt, þótt útsvar hafi ekki verið innheimt með álagi skv. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73/1980 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1985.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o.fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

	kr.
1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	2 200
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	800
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	800
4. Fyrir tilkynningu um breyting á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskiptum o.fl.)	800
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	200
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	1 100